

Orkugerðin ehf
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Selfoss, 18.11.2024
UST202401-317/H.M.V.
08.10.02

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit þann 27. ágúst 2024 - Orkugerðin, Flóahreppi, ID nr. 367

Þann 27. ágúst sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Orkugerðina í Flóahreppi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik er varðar takmörkun aðgangs inn á athafnasvæði rekstraraðila. Hefur rekstraraðili að hluta til klárað úrbætur á girðingum en á eftir að klára frágang á bómuhliði við innkeyrslu af Oddgeirshólavegi inn á athafnasvæði rekstraraðila.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending vegna umgengni inn á lóð rekstraraðila ásamt því þarf að sjá til þess að bambar sem innihalda olíur séu ekki í akstursfarvegi ökutækja.
2. Ábending vegna upplýsingaskyldu rekstraraðila um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haf afleiðingar fyrir umhverfið, þ.m.. bilanir á búnaði (sjá nánar undir umfjöllun undir umfang eftirlits í skýrslu).

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Fyrir 1. maí ár hvert ber rekstraraðila að taka saman skráningar, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Vantar niðurstöður mælinga 2023, skv. gr. 4.2 í starfsleyfi er varða að mælingar eigi að vera gerðar einu sinni á ári og á þeim tíma sem verksmiðjan er keyrð með sem næst hámarksálagi. Ekki er nóg að vísa í umfjöllun um fyrirliggjandi niðurstöður.
2. Skilafrestur var ekki virtur vegna árlegs ársyfirlits til eftirlitsaðila, og á við um svokallað Grænt bókhald. Stofnunin veitir engar undanþágur vegna skila ársyfirlits og umhverfisupplýsinga. **Ársyfirliti var skilað þann 30. maí 2024, telst því frávik lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. desember 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur